



Borgarráð

Reykjavík, 18. mars 2025

MSS22060148

Brúum bilið - Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla - breyting á skipan

Lagt er til að borgarráð samþykki breytingu á skipan í stýrihóp um uppbyggingu leikskóla sbr. hjálagt erindisbréf. Lagt er til að Skúli Helgason verði áfram formaður en Helga Þórðardóttir taki sæti í stað Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur og Marta Guðjónsdóttir taki sæti í stað Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur. Jafnframt hafa nöfn á fulltrúum sviða verið uppfærð vegna mannbreytinga á kjörtímabilinu.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla – uppfært, ódags.

Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla, tillaga samþykkt í borgarráði 23.06.2022.



Reykjavík



Reykjavík, [dags.]. mars 2025

MSS22060148

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla

Ábyrgðarmaður: Borgarstjórinn í Reykjavík

Markmið og hlutverk:

Stýrihópnum er ætlað að fylgja eftir aðgerðaáætlun um Brúum bilið, vinna að því að áætlanir framkvæmda standist þ.m.t. um kostnað, tímasetningar og verklok auk þess að leggja fram tillögur um breytingar á áætluninni ef þörf krefur. Stýrihópurinn taki mið af áætlunum um viðhald og endurbætur leikskólahúsnæðis eftir þörfum og sömuleiðis innritun og mönnun leikskóla.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti í nóvember 2018 aðgerðaáætlunina Brúum bilið um víðtæka uppbyggingu leikskólarýma í borginni. Sú áætlun var uppfærð og endurskoðuð í mars 2022 og felur í sér að fjölgað verði rýmum um a.m.k. 1500 á næstu fimm árum með opnun nýrra leikskóla, stækkun starfandi leikskóla með viðbyggingum og viðbótar deildum og fjölgun rýma hjá sjálfstætt starfandi leikskólum.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður
Helga Þórðardóttir
Marta Guðjónsdóttir

Starfsmaður stýrihópsins:

Verkefnastjóri af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Dagur Bollason frá eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs
Ólafur Brynjar Bjarkason frá skóla- og frístundasviði
Deildarstjóri uppbyggingadeildar umhverfis – og skipulagssviðs
Daníel Benediktsson frá skóla- og frístundasviði
Verkefnastjórar einstakra framkvæmda í aðgerðaáætluninni

Stýrihópurinn leiti að auki ráðgjafar frá aðilum innan og utan borgarkerfisins eftir þörfum, frá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefnum hópsins.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn starfi til loka maí 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 20. júní 2022
MSS22060148

Borgarráð

Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla.

Einar Þorsteinsson

formaður borgarráðs

Hjálagt:
Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla, dags. 23. júní 2022.

Erindisbréf

Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Markmið og hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla:

Stýrihópnum er ætlað að fylgja eftir aðgerðaáætlun um Brúum bilið, vinna að því að áætlanir framkvæmda standist þ.m.t. um kostnað, tímasetningar og verklok auk þess að leggja fram tillögur um breytingar á áætluninni ef þörf krefur. Stýrihópurinn taki mið af áætlunum um viðhald og endurbætur leikskólahúsnaðis eftir þörfum og sömuleiðis innritun og mönnun leikskóla.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti í nóvember 2018 aðgerðaáætlunina Brúum bilið um víðtæka uppbyggingu leikskóla í borginni. Sú áætlun var uppfærð og endurskoðuð í mars 2022 og felur í sér að fjölgað verði rýmum um nærri 1700 á næstu árum með opnun nýrra leikskóla, stækkun starfandi leikskóla með viðbyggingum og viðbótar deildum og fjölgun rýma hjá sjálfstætt starfandi leikskólum.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður

Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir

Starfsmaður hópsins:

Verkefnastjóri ráðinn af skrifstofu borgarstjóra.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Ósk Soffía Valtýsdóttir frá umhverfis- og skipulagssviði

Fulltrúi frá verkefnastofu umhverfis- og skipulagssviðs

Jón Valgeir Björnsson frá eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs

Ólafur Brynjar Barkarson frá skóla- og frístundasviði

Ásdís Olga Sigurðardóttir frá skóla- og frístundasviði

Verkefnastjórar einstakra framkvæmda í aðgerðaáætluninni

Stýrihópurinn leiti að auki ráðgjafar frá aðilum innan og utan borgarkerfisins eftir þörfum, frá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefnum hópsins.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfi til loka maí 2026.

Reykjavík, 23. júní 2022

Dagur B. Eggertsson